

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

352. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 21.08.2015, kl.07:30.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður B. Einarisdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Árshlutareikningur

Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Einnig kynntur samanburður við áætlun. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður af stjórn.

2. Forsendur rekstraráætlunar 2016 - 2020

Framkvæmdastjóri kynnir forsendur rekstraráætlunar 2016 – 2020. Málið rætt. Forsendurnar verða ræddar nánar á eigendafundi þann 31. ágúst n.k.

3. Niðurstaða í útboði á þjónustu við endurvinnslustöðvarnar

Tilboð í leigu á gámum, losun og akstur með gáma var opnað þann 11. ágúst sl. Tilboð bárust frá þremur aðilum, alls 3 aðaltilboð og eitt frávíkstilboð. Lægst bjóðandi í þjónustu á Sævarhöfða er Gámaþjónustan kr. 279.196.390 en Íslenska gámafélagið samtals kr. 900.019.415 vegna annara.

Framkvæmdastjóra falið að semja við Íslenska gámafélagið um þjónustu við endurvinnslustöðvarnar á Dalvegi, Blíðubakka, Jafnaseli, Ánanaustum og Breiðhelli en við Gámaþjónustuna um þjónustu við Sævarhöfða í samræmi við tilboð þessara aðila.

4. Lyktarmál í Álfsnesi

Lagt fram og kynnt minnisblað yfirverkfræðings um lyktarkvartanir og lyktarvarnir í Álfsnesi í sumar. Boðað verði til fundar með forsvarsmönnum íbúðasamtakanna og starfsmönnum umhverfissviðs Mosfellsbæjar þar sem farið verði yfir aðgerðir í sumar og fyrirhugaða byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar.

5. Stefnumótun stjórnar

Stefnumótun stjórnar rædd. Frestað til næsta fundar.

6. Breytingar á gjaldskrá 1. ágúst sl.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir breytingar á gjaldskrá fyrir ýmis endurvinnsluefni sem gerð var 1. ágúst sl. Breytingarnar eru til komnar vegna gengisþróunar, samninga við birgja og breytinga á endurgreiðslum Úrvinnslusjóðs.

7. Endurvinnslustöðin á Dalvegi í Kópavogi

Framkvæmdastjóri upplýsir um stöðuna. Loka hefur þurft hluta af stöðinni, alls um 800 m², breyta inn- og útkeyrslu, breyta akstursleiðum innan stöðvar og færa til gáma. Ekki er víst að takist að halda úti fullri þjónustu.

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom of the page.

8. Þjónusta við grenndargámakerfið

Þar sem þjónustuaðilinn hafnaði því að framlengja samning um þjónustu við grenndargámakerfið var samið við Gámaþjónustuna um að þjónusta kerfið þar til nýtt kerfi verður tekið upp þann 1. febrúar nk. Reykjavíkurborg mun að hluta til þjónusta kerfið innan Reykjavíkurborgar.

9. Upplýsingastefna Reykjavíkurborgar

Lögð fram upplýsingastefna Reykjavíkurborgar. Málinu frestað til næsta fundar.

10. Bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Lagt fram og kynnt bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dagsett 29. júní 2015 vegna „Meðhöndlunar sérsafnaðs lífræns úrgangs í Reykjavík“. Málið rætt. Málinu vísað til eigendafundar 31. ágúst.

11. Næsti fundur

Næsti fundur í stjórn verður haldinn 7. september klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9:50.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Bjarni Torfi
Halldór Ásgrímur Svansson
Jóna Leondóttir
Rannveig
Guðrún
Hafsteinur Láruson
Ólafur Guðmundsson
Rjánn Hjartar
Ólafur